

Hlutabætur á móti minnkuðu starfshlutfalli

Markmiðið er að fyrirtæki haldi starfsfólki í starfi eins og kostur er frekar en að það komi til uppsagna. Viðhald ráðningarsambandsins er verðmætt fyrir launafólk og fyrirtæki. Mikilvægt er að verja launafólk vegna tímabundins samdráttar í atvinnulífinu þannig að einstaklingar verði fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum.

Forsenda þess að fyrirtæki geti leitað til starfsmanna sinna um minnkað starfshlutfall er að það hafi orðið fyrir samdrætti í starfsemi sinni vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem eru uppi í samfélaginu.

Starfshlutfall verður aðeins minnkað með [samkomulagi](#) milli atvinnurekanda og starfsmanns.

Helstu efnisatriði laga um atvinnuleysisbætur á móti minnkuðu starfshlutfalli:

- Skerðing á starfshlutfalli verður að byggja á **samkomulagi á milli fyrirtækis og einstaklings** þar sem fram kemur hver breyting á starfshlutfallinu er og til hvaða tímabils skerðingin nær.
- Skerðing á starfshlutfalli þarf að vera **a.m.k. 20 prósentustig**.
- Launamaður þarf að halda að **lágmarki 25% starfi** eftir skerðingu á starfshlutfalli.
- Hlutabætur greiðist í réttu hlutfalli við hið skerta starfshlutfall.
- Laun frá atvinnurekanda og atvinnuleysisbætur eru að **hámarki 90% af launum** fyrir skerðingu starfshlutfalls – þó að **hámarki 700.000 kr.**
 - **Hafi laun m.v. fullt starf fyrir skerðingu starfshlutfalls numið 400.000 kr. eða minna eru þau bætt að fullu.**
 - **Hafi laun m.v. fullt starf fyrir skerðingu starfshlutfalls numið meira en 400.000 kr. skerðast laun frá atvinnurekanda og atvinnuleysisbætur ekki niður fyrir 400.000 kr.**
- Samningar um skert starfshlutfall **skerðir ekki rétt launafólks** til tekjutengdra atvinnuleysisbóta missi það vinnuna síðar.
 - Námsmenn eiga möguleika á hlutabótum uppfylli þeir skilyrði laganna.
- **Réttindi launafólks í Ábyrgðasjóði launa eru tryggð** komi til gjaldþrots fyrirtækis.
- **Sjálfstætt starfandi** eiga rétt skv. Lögnum.
- **Lögin gilda frá 15. mars til 1. júní 2020.**

Nokkur atriði til áréttingar:

- Leiti fyrirtæki til starfsmanna sinna um að skerðing á starfshlutfalli með tilheyrandi lækkun launa komi til framkvæmda án uppsagnarfrests getur starfsmaður hafnað slíku og gert kröfu um að uppsagnarfresturinn sé virtur.
- Atvinnurekanda er óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem samið er um.
- Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta vegna skerts starfshlutfalls gildir um allt launafólk s.s. námsmanna óháð bótarétti þeirra að öðru leyti.

Hvernig er sótt um hlutabætur

Launamaður sækir um hlutabætur rafrænt á *mínum síðum* á [vef Vinnumálastofnunar](#). Þá þarf atvinnurekandi einnig að skila inn ákveðnum upplýsingum á sínum síðum á vef Vinnumálastofnunar. Þegar upplýsingar liggja fyrir bæði frá launamanni og atvinnurekanda er hægt að afgreiða umsóknina um hlutabætur.

Sjá nánar:

www.vinnumalastofnun.is

www.asi.is